



Félag flugmálastarfsmanna ríkisins

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121 / 414  
komudagur 12/12 1996

Reykjavíkurlugvelli 10. Desember 1996.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Vilhjálmur Egilsson, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Félagið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytis. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræna á vettvangi BSRB.

Það er mat félagsins að frumvarpið sé ásættanleg niðurstaða, einkum í ljósi þess að heildarréttindi hins nýja kerfis eru jafnverðmæt gildandi réttindum, samkvæmt tryggingafræðilegu mati, að viðbættum réttindum vegna viðbótagreiðslna sjóðfélaga vegna yfirvinnu o.fl.

Mikilvægt er að sjóðfélögum verði sem áður gert kleift að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Félagið mun fylgjast með athygli með framgangi málsins á Alþingi og mun kröfugerð vegna kjarasamninga nú, sem áður, gera ráð fyrir að heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

Virðingarfyllst

Þorbjörn Danielsson, formaður  
Félags flugmálastarfsmanna ríkisins